

Alþingi
Erindi nr. **P** 136/485
komudagur 15.12.2008



Reykjavík, 11. desember 2008

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og skattanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 219. mál

Orkuveita Reykjavíkur hefur kynnt sér frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 219. mál. Þar sem efni frumvarpsins varðar hagsmuni fyrirtækisins er umsögn þessari komið á framfæri.

Orkuveita Reykjavíkur leggur til að við 10. gr. frumvarpsins bætist nýr stafliður, sem verður a-liður, svohljóðandi:

2. tl. 1. mgr. 36. gr. laganna orðist svo: Í skuldabréfum og víxlum sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og skuldabréfum og víxlum sem tryggð eru með ábyrgð þessara aðila.

Skýring:

Breytingartillagan felur í sér að víxlar og skuldabréf sem gefin eru út af fyrirtækjum með ábyrgð sveitarfélaga eða af Lánasjóði sveitarfélaga ohf. flokkist hjá lífeyrissjóðum eins og skuldabréf sem gefin eru út af sveitarfélögum sjálfum.

Auk þess felur tillagan í sér að víxlar útgefnir af þessum aðilum flokkist eins og skuldabréf og skuldaviðurkenningar sem tryggðar eru með ábyrgð þessara aðila. Er þetta til samræmingar við 1. tl. sömu málsgreinar, sem fjallar um skuldaviðurkenningar rikissjóðs og skuldaviðurkenningar sem tryggðar eru með ábyrgð hans.

Rökstuðningur:

Ástæða breytingartillögunnar er sú að sveitarfélögin og félög í þeirra eigu hafa á undanförunum árum í vaxandi mæli nýtt Lánasjóð sveitarfélaga sem milligönguaðila á skuldabréfamarkaði í stað þess að gefa sjálf út skuldabréf til að fjármagna framkvæmdir. Innlend skuldabréfaútgáfa sveitarfélaganna og fyrirtækja í eigu þeirra sjálfra hefur því dregist saman en skuldabréfaútgáfa lánasjóðsins aukist að sama skapi. Í ljósi breyttra aðstæðna á markaði þykir ljóst að fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna muni hugsa sér að leita meira sjálf á innlendan skuldabréfamarkað og er mikilvægt að þau falli í sama fjárfestingaflokk og skuldabréf útgefin af sveitarfélögum sjálfum.

Eins og fram kemur í skýringum við frumvarpið hefur átt sér stað mikil breyting á innlendum fjármagnsmarkaði eftir hrun bankakerfisins. Minnkandi framboð skuldabréfa sem útgefin eru af sveitarfélögum og falla undir núgildandi 2. tl. 1. mgr. 36. gr. laganna



Orkuveita
Reykjavíkur

sem fjallar um skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga á sér þó allt aðrar ástæður. Skuldabréfaútgáfa sveitarfélaganna sjálfra og fyrirtækja í þeirra eigu hefur farið minnkandi á undanförunum árum vegna þess að þeir aðilar hafa flestir fengið betri kjör hjá Lánasjóði sveitarfélaga en með eigin skuldabréfaútgáfu. Skuldabréf lánasjóðsins hafa til þessa flokkast með skuldabréfum fjármálafyrirtækja, sbr. 5. tl. 1. mgr. 36. gr. en ekki með skuldabréfum sveitarfélaganna. Þessi mismunandi flokkun er óeðlileg að mati Orkuveitu Reykjavíkur. Óskar fyrirtækið eindregið eftir því að löggjafinn bregðist við þessari þróun með því að gera frammannefnda breytingu á 2. tl. 1. mgr. 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

Virðingarfyllst,

Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri